

Grindavíkurbær
Ingvar Þór Gunnlaugsson,
forstöðumaður
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
27 JAN. 2010 5423	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. janúar 2010
UST20091100144/abg

Efni: Hesthúsahverfi við Dagmálholt í Grindavík

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar dags 24.nóvember 2009, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna breytinga á aðalskipulagi Grindavíkur. Um er að ræða skipulagningu hesthúsahverfis við Dagmálholt í Grindavík. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hafi áður veitt umsagnir um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur vegna umrædds hesthúsahverfis. Fyrst 20. febrúar 2007 þá 19. september 2007 og nú síðast þann 12.október 2009.

Aðalskipulagsbreyting

Ný tillaga að breyttu aðalskipulagi Grindavíkur 2000 – 2020 felur í sér skipulag hesthúsahverfis, þ.m.t. hesthúsa, reiðhallar, skeiðvalla, beitarhólfs og aðkomuvegar við Dagmálholt. Einnig gerir skiplagið ráð fyrir aðkomuvegi og bílastæðum.

Aðalskipulag - mannvirkjagerð

Hesthúsahverfið verður staðsett á svæði þar sem eru jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt greininni skal forðast röskun eldhrauna eins og kostur er. Einnig má benda á það að í stefnumótun stjórnvalda „Velferð til framtíðar“ skýrslu sem gefin var út árið 2002 og ætlað er að vera stefnumótandi fyrir sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til ársins 2020, er fjallað sérstaklega um forgang þess að vernda sérstæðar jarðmyndanir eins og eldhraun sem eru einkennandi fyrir Ísland og sérstæð fyrirbæri í okkar heimshluta. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hafi áður veitt umsagnir um framangreinda hesthúsabyggð þar sem stofnunin hefur lagst gegn skerðingu eldhrauns. Að mati stofnunarinnar hefur ekki verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem fram hafa komið. Að mati Umhverfisstofnunar er hér áfram um að ræða óæskilega breytingu frá fyrri áætlunum sveitarfélagsins enda er gert ráð fyrir umtalsverðu raski á hrauni sem mun hafa í för með sér neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir. Leggja

ætti ríka áherslu á skerða eldhraun eins lítið og kostur er og staðsetja því hesthúsahverfið utan eldhrauna.

Umhverfisstofnun telur einnig að umfang framkvæmdarinnar sem samtals nær yfir 65 hektara svæðis, flokkist undir umfangsmikið svæði. Fram kemur í umhverfisskýrslu vegna aðalskipulagsbreytingar vegna hesthúsahverfis, að áhrif hennar nái ekki til umfangsmikils svæðis og hafi því *talsvert neikvæð* áhrif á landslag og jarðmyndanir. Umhverfisstofnun telur hins vegar að áhrif af áætluninni muni hafa *verulega neikvæð* áhrif, breytingin sé varanleg og óafturkræf og í ósamræmi við ákvæði laga, reglugerða og almenna stefnumörkun stjórnvalda hvað varðar verndun eldhrauna.


Deiliskipulag - trjárækt


Ef að fyrirhugaðri framkvæmd um hesthúsahverfi við Dagmálaholt verður, þá vill Umhverfisstofnun ítreka fyrri umsögn sína vegna fyrirhugaðs deiliskipulags. Í þeirri umsögn þá benti Umhverfisstofnun á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu erlendra plöntutegunda þá sé öll ræktun útlendra tegunda óheimil á fyrrgreindum eldhraunum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Þar sem fyrirhuguð trjárækt er við jaðar hraunsvæðis telur Umhverfisstofnun æskilegt að notast verði við innlendar trjátegundir sbr. 3. gr. fyrrgreindrar reglugerðar og að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í deiliskipulagi hvers konar trjátegundir notast verði við.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á, að á fyrri skipulagsstigum framkvæmdarinnar hafi verið aðrir kostir í staðsetningu hesthúsahverfisins sem hefðu leitt til minna rasks á landslagi og jarðmyndunum. Stofnunin telur þess bestan kost að hesthúsahverfið risi utan eldhrauna sem njóta sérstakrar verndunar samkvæmt náttúruverndarlögum og eru einnig nefnd í stefnumörkun stjórnvalda sem jarðmyndanir sem beri að varðveita. Umhverfisstofnun leggst því gegn fyrirhuguðum aðalskipulagsframkvæmdum í Dagmálaholti á þeim forsendum sem hér hafa fram komið.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna
Guttormsdóttir


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri